



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/808
komudagur. 21.1.2003

LHG/010 /9.5/HH/sig
Reykjavík 20. janúar 2003.

**Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga
um eftirlit með skipum, 360 mál, heildarlög, EES-reglur**

Almennt um frumvarpið

Frumvarp þetta var samið af starfsmönnum Siglingastofnunar í samvinnu við samgönguráðuneytið. Landhelgisgæslan sér um viðamikinn þátt í framkvæmd þeirra verkefna sem frumvarpið mælir fyrir um en stofnunin átti ekki þátt í undirbúningi að frumvarpinu.

Verkefni Landhelgisgæslunnar við skyndiskoðanir á hafi úti eru m.a.:

1. **Afli:** Veiðileyfi, afladagbók, magn afla og lengdarmælingar.
2. **Veiðarfæri:** Tegund, umbúnaður og möskvastærð.
3. **Búnaðarskoðun:** Haffæri, skipsskjöl, öryggisbúnaður.
4. **Áhöfn:** Atvinnuréttindi yfirmanna og lögskráning.¹

Um 12. gr.

Í eldri lögum um eftirlit með skipum, nr. 51/1987, var ákvæði í 17. gr. G um eftirlitsbók en í lögum nr. 35/1993 féll það ákvæði út. Að mati Landhelgisgæslunnar er eftirlitsbók mikilvægt gagn um borð í skipum hvað varðar skoðun, breytingar sem gerðar hafa verið á skipum og vegna skráninga á æfingum skipverja. Kröfur um eftirlitsbók er að finna í ýmsum lögum og reglugerðum, m.a. í lögum um rannsókn sjóslysa nr. 68/2000 og reglugerð nr. 53/2000 um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa.

Gerð er tillaga um að kveðið verði á um eftirlitsbók í lok 12. gr. og ákvæðið hljóði svo:

Eftirlitsbók skal vera um borð í hverju skipi og í hana skulu skráð vottorð þeirra, sem skoðun hafa annast, um framkvæmd skoðunar ásamt greinargerð skipstjóra og vélstjóra um framkvæmd þess eftirlits sem á þeim hvílir, auk annarra upplýsinga um skipið sem krafist kann að verða. Kveðið skal á um gerð og færslu eftirlitsbókar í reglugerð.

¹ Sjá fylgiskjal með tölulegum upplýsingum um skyndiskoðanir varðskipa Landhelgisgæslunnar frá 1996-2002.

Um 15. gr. frumvarpsins

1. mgr. 15. gr.

Landhelgisgæsla Íslands sinnir skyndiskoðunum á hafi úti. Gerð er tillaga um að ákvæðið hljóði svo:

Skyndiskoðun er fyrirvaralaus skoðun Siglingastofnunar Íslands eða Landhelgisgæslu Íslands á haffæri skips.

Sjá umfjöllun um 3. mgr. 15. gr. frumvarpsins.

2. mgr. 15. gr.

Í 2. mgr. frumvarpsins er einungis fjallað um heimildir Siglingastofnunar varðandi þau atriði sem þar eru talin upp. Rétt er að geta þess að Landhelgisgæsla Íslands hefur sem löggæsluaðili á hafinu sinnt þessum verkefnum um áratuga skeið og byggist það á 1. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands nr. 25/1967, 3. tl. 9. gr. lögreglulaga 90/1996 og 16. laga nr. 43/1987. Gerð er tillaga um að 2. mgr. 15. gr. hljóði svo:

Siglingastofnun Íslands og Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að taka skip sem lög þessi gilda um til skyndiskoðunar án fyrirvara til að ganga úr skugga um hvort ástand skipsins og búnaður þess sé í samræmi við lög og reglur sem og önnur atriði sem varða örugga starfsemi skipsins, svo sem hvort gætt sé laga og reglna um fjölda í áhöfn skipsins, skírteini þess, takmarkað farsvið og útivist, atvinnuréttindi áhafnar, lögskráningu og fjölda farþega á farþegaskipum.

3. mgr. 15. gr.

Eins og fram kemur í a. lið 1. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands nr. 25/1967 fer stofnunin með almenna löggæslu á hafinu umhverfis Ísland jafnt innan sem utan landhelgi. Í h. lið sömu lagagreinar kemur fram að eitt af markmiðum Landhelgisgæslunnar skal vera að tilkynna tafarlaust Skipaskoðun ríkisins (Siglingastofnun) ef vart verður við að brotin eru lög um eftirlit með skipum eða brotnar reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim eða telji hún ástæðu til að ætla að skip sé ekki haffært. Landhelgisgæslan sér samkvæmt þessu um eftirlit með skipum á hafi úti. Þetta eftirlit fer vel saman við annað eftirlit sem Landhelgisgæslan sér um á hafi úti, m.a. með veiðarfærum og afla.

Engin ástæða er til að Siglingastofnun feli Landhelgisgæslunni hlutverk sem hún hefur þegar lögum samkvæmt. Landhelgisgæslan hefur séð um þetta eftirlit á hafi úti á grundvelli framangreinds ákvæðis í lögum um Landhelgisgæslu Íslands nr. 25/1967 og á grundvelli 3. tl. 9. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og 16. gr. laga um lögskráningu nr. 43/1987.

Í athugasemdum með frumvarpinu er sett fram sú skýring með 3. mgr. að hún sé í samræmi við gildandi lög og framkvæmdina undanfarin ár. Þetta er ekki rétt að því marki að hingað til hafa einungis opinberir aðilar séð um löggæslu og eftirlit með að lögum sé framfylgt á hafinu. Verði öðrum aðila, t.d. einkaaðila, falið að sjá um löggæslu og eftirlit, þá er það grundvallarbreyting sem þarf nánari skoðunar við. Spurningin er, á að einkavæða löggæslu á Íslandi eða innan íslensku lögsögunnar?

Gott samstarf er á milli Siglingastofnunar og Landhelgisgæslunnar og byggist það á því að lögum samkvæmt eiga þær að sinna þessu eftirliti í sameiningu eins og segir í 13. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 35/1993:

Skyndiskoðun er fyrirvaralaus skoðun á haffæri skips, einkum þegar skip kemur til hafnar eða fer úr höfn.

Siglingastofnun Íslands og Landhelgisgæsla Íslands annast eftirlit skv. 1. mgr. og gera með sér samstarfssamning um hvernig þessu eftirliti skuli hagað.

Í gildi er samstarfssamningur milli stofnananna frá 22. janúar 1998 sem byggður er á framangreindri lagagrein. Í 4. gr. samningsins skipta stofnanirnar þannig með sér verkum að Siglingastofnun annast skyndiskoðanir í höfnum en Landhelgisgæslan annast skyndiskoðanir á skipum sem stödd eru á sjó utan hafnar og á skipum í höfnum ef beiðni Siglingastofnunar kemur til, eða einhverju er auðsjáanlega áfátt við skipið eða búnað þess. Lögð er áhersla á jafnrétti stofnananna í þessari samvinnu. Lagt er til að 3. mgr. hljóði svo:

Landhelgisgæsla Íslands fer með eftirlit á hafinu umhverfis Ísland jafnt innan sem utan landhelgi.

Um 16. gr. og 17. gr. frumvarpsins.

Landhelgisgæslan leggur til að útgáfa haffærisskírteina taki mið af farsviði viðkomandi skipa sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 53/2000 um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa. Fjöldmörg dæmi eru um að bátar sækji á fiskimið sem eru langt utan við langdrægi sjálfvirkrar tilkynningarskyldu og möguleika þeirra til fjarskipta við land, það er út fyrir hafsvæði A1 (sjálfvirku tilkynningarskyldunnar). Dæmi um slík svæði eru: Hornbanki djúpt norður og norðaustur af Horni og djúpt í Víkurál svo eitthvað sé nefnt.

Um 21. gr. frumvarpsins

Landhelgisgæslan leggur til að heimild til farbanns verði einnig veitt Landhelgisgæslu Íslands og greinin hljóði svo:

Siglingamálastjóri og forstjóri Landhelgisgæslunnar geta lagt farbann á skip. Einnig geta þeir starfsmenn Siglingastofnunar Íslands og Landhelgisgæslunnar lagt farbann á skip sem siglingamálastjóri og forstjóri Landhelgisgæslunnar hafa sérstaklega veitt til þess umboð. Akvörðun um farbann skal tilkynnt Siglingamálastjóra eins fljótt og auðið er.



Hafsteinn Hafsteinsson
forstjóri



Reykjavík 20. janúar 2002.

Tölulegar upplýsingar um skyndiskoðanir varskipa Landhelgisgæslunnar 1996 - 2002.

Skoðun:	Á tímabilinu: 1/1 - 31/12 2002 höfðu varðskipin framkvæmt skoðanir um borð í alls 307 skipum. Athugasemdir voru gerðar í 66,45% tilfella. Skoðanir skiptust þannig			Á tímabilinu: 1/1 - 31/ 2001 höfðu varðskipin framkvæmt skoðanir um borð í alls 336 skipum. Athugasemdir voru gerðar í 66,07% tilfella. Skoðanir skiptust þannig			Á tímabilinu: 1/1 - 31/12 2000 höfðu varðskipin framkvæmt skoðanir um borð í alls 536 skipum. Athugasemdir voru gerðar í 72,39% tilfella. Skoðanir skiptust þannig		
	Fj. Skoðana	Fjöldi aths	Ath í %	Fj. Skoðana	Fjöldi aths	Ath í %	Fj. Skoðana	Fjöldi aths	Ath í %
Afli	291	62	21,33%	313	55	17,57%	506	85	16,80%
Fiskidagbók	299	15	5,02%	325	25	7,69%	515	71	13,79%
Veiðileyfi	299	10	3,34%	332	10	3,01%	518	27	5,21%
Veiðarfæri	260	21	8,08%	269	11	4,09%	434	29	6,68%
Búnaður	234	141	60,26%	240	153	63,75%	376	281	74,73%
Lögskráning	283	20	7,07%	284	47	16,55%	469	48	10,23%
Réttindi	283	69	24,38%	284	77	27,11%	469	131	27,93%

Skoðun:	Á tímabilinu: 1/1 - 31/12 1999 höfðu varðskipin framkvæmt skoðanir um borð í alls 595 skipum. Athugasemdir voru gerðar í 70,92% tilfella. Skoðanir skiptust þannig			Á tímabilinu: 1/1 - 31/12 1998 höfðu varðskipin framkvæmt skoðanir um borð í alls 378 skipum. Athugasemdir voru gerðar í 40,48% tilfella. Skoðanir skiptust þannig		
	Fj. Skoðana	Fjöldi ath	Ath í %	Fj. Skoðana	Fjöldi ath	Ath í %
Afli	557	49	8,80%	197	23	11,68%
Fiskidagbók	517	75	14,51%	177	24	13,56%
Veiðileyfi	579	30	5,18%	206	12	5,83%
Veiðarfæri	525	20	3,81%	167	4	2,40%
Búnaður	456	292	64,04%	178	101	56,74%
Lögskráning	534	57	10,67%	203	27	13,30%
Réttindi	534	175	32,77%	191	73	38,22%

Skoðun:	Á tímabilinu: 1/1 - 31/12 1997 höfðu varðskipin framkvæmt skoðanir um borð í alls 491 skipum. Athugasemdir voru gerðar í 54,38% tilfella. Skoðanir skiptust þannig			Á tímabilinu: 1/1 - 31/12 1996 höfðu varðskipin framkvæmt skoðanir um borð í alls 525 skipum. Athugasemdir voru gerðar í 76,19% tilfella. Skoðanir skiptust þannig		
	Fj. Skoðana	Fjöldi ath	Ath í %	Fj. Skoðana	Fjöldi ath	Ath í %
Afli	412	39	9,47%	385	79	20,52%
Veiðarfæri	294	26	8,84%	292	16	5,48%
Búnaður	345	152	44,06%	447	293	65,55%
Lögskráning og réttindi	376	156	41,49%	468	254	54,27%

Hjalte Sæmundsson

Hjalte Sæmundsson
aðalvarðstjóri.

